

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.  
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru hátt í 400 en starfsmenn allir kringum 600. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefnunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)



## Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 14. TBL. 16. NÓVEMBER 2007

## Dagur íslenskrar tungu er í dag, 16. nóvember

Í dag er dagur íslenskrar tungu sem haldinn er hátíðlegur árlega á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar.

Í ár vill svo skemmtilega til að 200 ár eru liðin frá fæðingu Jónasar og í tilefni þess gefa fræðslufyrirvöld í Hafnarfirði öllum 7. bekkjum bók um Jónas. Nefnist hún **Sveinn í djúpum dali**. 7. bekkjar hefja jafn-

framt þátttöku sína í Stóru upplestrarkeppninni í dag með því að æfa framsögn og lestur fram að lokahátíð hennar sem verður haldin í Hafnarborg þann 11. mars 2008.

Eins og tvö síðustu ár verður 6. bekkjum í Hafnarfirði og Álftanesi boðið að taka þátt í samkeppni um gerð boðskorts fyrir lokahátíðina í Hafnarborg. Upplýsingar um

hana hafa verið sendar til skólanna.

Þá hefst í dag formlega Smásagnasamkeppni 8.-10. bekkja í Hafnarfirði. Skilafrestur á sögum er til 12. febrúar 2008 og verða úrslit kynnt á lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar. Sögum skal skilað til grunnskólanna.

**Frá lokahátíð stóru upplestrarkeppinnar vorið 2007.**



## Syngjandi jól í Hafnarborg að nalgast

Það er hluti að undirbúningi aðventunar og jólaanna að haldin er kórahátíð í Hafnarborg. Hún er árleg og nefnist **Syngjandi jól** og verður nú haldin laugardaginn 1. desember. Hún hefst kl. 10 um morguninn og stendur til kl. 20 um kvöldið. Alls munu 29 kórar frá Hafnarfirði og Álftanesi syngja. Af þeim munu vera sjö kórar frá leikskólum og sex frá grunnskólum. Yngsti söngvarinn sem mun koma fram er þriggja ára og sá elsti 97 ára og söngvarar alls eru á bilinu 1.100-1.200.

Það er Egill R. Friðleifsson, námstjóri í tónlist á Skólaskrifstofunni og kenn-

ari í Öldutúnsskóla sem hefur undirbúið tónleikana að venju.

Það er tilvalið að sameina það að fara á tónleika og í bæjarferð laugardaginn 1. desember.

Takið daginn frá og munið að kíkja á **Syngjandi jól**.

## Skólaþróun





## Námskeið í næstu viku

mánudagur 19. nóv.

- Námskeið 102: **Stærðfræðikennsla yngstu nemenda** kl. 15-17.30 í Menntasetrinu við Lækinn. (Síðasti tími.)

- Námskeið 502: **Útikennsla í almennum námsgreinum-miðstig** kl. 15-16.30 í Menntasetrinu við Lækinn, 2. hæð. (Síðasti tími.)

- Námskeið 301: **Grunnatríði í myndvinnslu** kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn, 2. hæð tölvustofa. (3. tími.) A-hópur.

Þriðjudagur 20. nóv.

- Námskeið 301: **Grunnatríði í myndvinnslu** kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn, 2. hæð tölvustofa. (3. tími.) - B hópur

miðvikudagur 21. nóv.

- Námskeið 206: **Verkefnisstjórnun forystuskóla** kl. 13.30-16 á Skólaskrifstofu. (2. tími.)

fimmtudagur 22. nóv.

- Námskeið 101: **Kennsla tvítyngdra nemenda í byrjendanámi** kl. 15-17 í Lækjarskóla. (Síðasti tími.)

- Námskeið Námskeið 602: **Nýliðinn - Að stýra kennslu og nemendum** kl. 15-16.30 á Skólaskrifstofu, 3. hæð. (Síðasti tími.)

Næsta blað *Skólavefritsins* er væntanlegt föstudaginn 23. nóvember 2007

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfni

» Breytingar verða á vettvangsnámi kennaranema í grunnskólafræðum í KHÍ frá næsta hausti. Þannig munu kennaranemar fara í einn skóla allan námstímann og voru skólar valdir til þess. Víðistaðaskóli verður einn þessara vettvangsskóla KHÍ, sem verður huti af HÍ frá næsta hausti.

» Í gær var haldin hátíð í Lækjarskóla í tilefni 130 ára afmælis skólans. Myndirnar hér eru teknar við það tilefni.



## Lestrarkennsla og -nám í sviðsljósinu


Á degi íslenskrar tungu er ekki úr vegi að velta fyrir sér mikilvægi lestrarkennslu og lestarnáms sem undirstöðuþætti í öllu námi. Lesefni vikunnar er bandarísk skýrsla um hvaða undirbúning kennaranemar fá í námi sínu um lestrarkennslu. Skýrslan heitir *What Education Schools aren't Teaching about Reading and what Elementary Teacher's are Learning about Reading*. Skýrslan er 86 síður í PDF-sniði í A-4 broti.

Meginviðfangsefni skýrslunnar er að skoða hvernig

hinir ýmsu háskólar í Bandaríkjunum standa að lestrarkennslunámi fyrir kennaranema. Niðurstaðan er sú að ekki sé nógu vel staðið að kennslu um lestraránám fyrir kennaranema. Skólarnir nýta sér ekki þá þekkingu sem til staðar er um lestraránám til að miðla til kennaranema. Þannig sé staðan sú í BNA að um 40% barna þar verði ekki læs og hafi svo verið um mest alla 20. öldina.

Bandaríkin hafa líklega talsverða sérstöðu er varðar móðurmálskennslu en sjálfsgagt er okkur hollt að skoða

## Fræðiefnið



reglulega hvernig við stöndum að lestrarkennslu í grunnskólum á hnattvæðingartímum.

**VEFSLÓÐ:** [http://www.nctq.org/nctq/images/nctq\\_reading\\_study\\_app.pdf](http://www.nctq.org/nctq/images/nctq_reading_study_app.pdf)

## Samfélag íslenskra kennara á vefnum

*Kennarinn.is* er vefur sem hugsaður er sérstaklega fyrir kennara til að efla samstarf þeirra og auka umræðu um fagleg málefni. Til að nýta sér vefinn þarf að skrá sig.

Vefurinn er nýjung hér á landi en þekktist víða erlendis meðal kennara. Þetta er vefur en haldið úti af fyrir-tæki sem nefnist Scope.

Þessa dagana er verið að

**VEFSLÓÐ:** <http://www.kennarinn.is/>



leita eftir fagritstjórum á vefnum sem vilja stjórna einstökum fagsviðum (borðum) til að halda utan um umræðu sem verður og tryggja að hún sé málefnaleg. Slík borð eru lokuð og eingöngu

## Vefhornið



ætlud þeim sem fá þar inn-göngu.

Spurningin er þá hvernig íslenskir kennarar eiga eftir að taka svona samskipta- og fag-vef.